

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Ár 2021, fimmtudaginn 11. nóvember var haldinn 49. fundur, mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð og hófst kl. 13.02. Fundinn sat Dóra Björt Guðjónsdóttir, Diljá Ámundadóttir, Ellen J. Calmon, Ásta Þórdís Skjaldal Guðjónsdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Þorkell Heiðarsson og Örn Þórðarson. Einnig sat fundinn Anna Kristinsdóttir og Karen María Jónsdóttir sat fundinn með fjarfundarbúnaði. Elísabet Pétursdóttir ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Fram fer kynning á Jafnréttisúttekt á hverfisíþróttafélögum. R20020071

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Forvarnargildi íþróttar getur verið mikið ef rétt er að íþróttastarfi staðið og í slíkum tilvikum hafa rannsóknir sýnt fram á ýmsan jákvæðan ávinning af þátttöku í skipulögðu og reglulegu íþróttastarfi. Því er mikilvægt réttlætis- og lýðheilsumál að styðja við jafnrétti og jafnt aðgengi að íþróttaiðkun þvert á hópa. Nú hefur verið lokið við jafnréttisúttekt á þremur hverfisíþróttafélögum sem er jafnframt endapunktur jafnréttisúttekta á öllum hverfisíþróttafélögum Reykjavíkur sem staðið hafa yfir síðastliðin ár. Þakkað er fyrir gríðarlega góða, metnaðarfulla og faglega vinnu. Úttektir voru unnar í samráði við ÍBR og í náinni samvinnu við félögin sem fengu tækifæri til að fara yfir niðurstöðurnar og koma með ábendingar. Margt er vel gert hjá íþróttafélögunum en ýmsu má bæta úr og liggur fyrir skýr vilji félaganna til að gera betur. ÍBR hefur einnig staðið að jákvæðri þróun með auknum stuðningi við jafnréttismál innan íþróttafélaganna. Öll félögin hafa jafnréttisstefnur, en þær eru misvirkar. Það þarf að fylgja þeim og innleiða þær svo að þær hafi tilætluð áhrif. Stefnit er að því að halda málþing um jafnrétti í íþróttum á alþjóðlegum degi mannréttinda þar sem samantekt úttektanna verða lykilgagn.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Kynnt er jafnréttisúttekt í hverfisíþróttafélögum. Fulltrúa Flokks fólksins finnst vanta að spurt sé um hvort aðgerðaráætlanir gegn einelti séu aðgengilegar á heimasíðu félaganna og hvort þær sáú ávallt virkjaðar komi tilkynning um einelti og málin unnin með faglegum og skilvirkum hætti. Þótt úttektin sé um jafnrétti þá er það nátengt ofbeldi og einelti er ofbeldi. Í úttektinni er oft komið inn á kynbundið ofbeldi og áreitni sem í mörgum tilfellum tengist einnig einelti. Hegðun gerenda er blanda af þessu öllu í sumum tilfellum og er nátengt jafnréttisumræðunni. Það er brýnt að nota tækifærið hér og skoða þennan hluta málsins til að geta í framhaldinu lagt enn meiri áherslu á að félögin hafi tiltæka aðgerðaráætlun sem fylgt er ef upp koma tilkynningar um ofbeldi af einhverju tagi þ.m.t. einelti og áreitni. Eins hvort félögin eru að með forvarnarþrógramm í sínu starfi. Fulltrúi Flokks fólksins vill vísa hér í Aðgerðaráætlun gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun sem langflest íþróttafélög eru með ef ekki öll. Spurning er hvort aðgerðaáætlun sé fylgt og hvort þurfi e.t.v. að uppfæra hana hjá einhverjum íþróttafélögum.

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir og Sigríður Finnbogadóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

2. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs til hverfisíþróttafélaga, um jafnréttisúttekt á hverfisíþróttafélögum:

1. Hvernig nýttist jafnréttisúttektin ykkur?
2. Var eitthvað sem kom ykkur á óvart?
3. Hvaða aðgerðir hafið þið farið í í kjölfar úttektarinnar?
 - a. Báru þær aðgerðir árangur?
4. Er jafnréttisstefnu félagsins fylgt eftir með því að vinna tölulegar úttektir sem kveðið er á um í aðgerðaáætlun stefnunnar?
 - a. Ef ekki, hver er ástæðan?
5. Merkið þið einhverjar breytingar á menningu innan íþróttanna?
6. Hvaða áhrif hefur #metoo haft á starfsemi félagsins?
7. Hefur ykkar félag verið með reglulega fræðslu sem snýr að jafnrétti, hinsegin íþróttafólki eða mannréttindum?
 - a. Bendum á að félögunum stendur til boða að kostnaðarlausu t.d. hinsegin fræðsla frá Samtökunum 78
 - b. Ef engin regluleg fræðsla, af hverju? Vinsamlega útskýrið.
8. Hvernig hefur verið tekið á neikvæðri menningu og orðræðu í kringum íþróttir innan félagsins sem beinist t.d. gegn konum, hinsegin fólki og fólki af erlendum uppruna?
9. Hvaða stuðning vantar ykkur frá ÍBR, ÍTR eða Reykjavíkurborg? (t.d. fræðsla, sniðmát, verkfæri)? R20020071

Vísað til umsagnar hverfisíþróttafélaga.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Í kjölfar jafnréttisúttektanna verður öllum hverfisíþróttafélögum boðið til fundar til að fara yfir þá þjónustu og stuðning sem boðið er upp á, þar með talin fræðsla á vegum Samtakanna 78 samkvæmt samningi við borgina. Einnig yrði farið yfir hvernig hefur gengið að fylgja eftir niðurstöðum jafnréttisúttekta um leið og tækifæri gefst til að ræða önnur mál sem á íþróttafélögunum brenna.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs:

Lagt er til að þann 10. desember 2021, á alþjóðlegum degi mannréttinda, verði haldinn opinn fundur mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs undir yfirskriftinni Jafnrétti í íþróttum, í samráði við íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar. Mannréttinda- og lýðræðissskrifstofu verði falið að vinna dagskrá í samráði við fulltrúa mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs. R21110078

Samþykkt.

Samþykkt að Dóra Björt Guðjónsdóttir, Diljá Ámundadóttir og Ellen J. Calmon vinni dagskrá í samvinnu við mannréttinda- og lýðræðissskrifstofu.

4. Lagðar fram umsóknir um skyndistyrk til mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs. R21020040
Öllum styrkumsóknum er hafnað.

Fulltrúar Flokks fólksins og Sósíalístafllokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu undir þessum lið.

- Kl. 13:55 tekur Óskar J. Sandholt sæti á fundinum með fjárfundarbúnaði.

5. Lögð fram umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs dags. 9. nóvember 2021 um drög að aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2021 – 2023. R21010206 Samþykkt.

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

6. Lögð fram tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um að fatlaðir umsækjendur um húsnæði sjái hvar umsókn þeirra er stödd, sbr. 35. lið fundargerðar borgarráðs frá 14. október 2021. R21100337
Vísað til umsagnar velferðarsviðs.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta mikilvæg tillaga. Rafræn lausn af þessu tagi ætti að vera löngu komin inn í kerfi borgarinnar ásamt fjölmörgu öðru af sama meiddi. Það er mikilvægt að allir þeir sem sækja um eitthvað hjá borginni geti fylgst með framþróun umsóknar sinnar og hvar þær séu staddar í afgreiðsluferlinu. Engar slíkar rafrænar lausnir eru komnar í borginni að heitið geti þrátt fyrir að 10 milljarðar verði veittir í málaflokkinn í ár og næsta ár.

7. Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um verkefni og verk þjónustu- og nýsköpunarsviðs, sbr. 11 lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs frá 14. október 2021. R21030087
Vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram fyrirspurnir og taldi að verið væri að afgreiða málið án svara á þessum fundi. Þeim er hins vegar vísað til þjónustu og nýsköpunarsviðs. Fulltrúi Flokks fólksins vill engu að síður bóka hér nokkur orð um hugbúnaðarmál og segja að útvista ætti hugbúnaðarvinnu frekar en að eyða milljónum í milljónum ofan að gera tilraunir og þróa eitthvað sem er nánast í næsta húsi. Gott dæmi er að þjónustu- og nýsköpunarsvið er núna að klára uppgötvunarfasa varðandi lausn fyrir rafrænar undirskriftir og núna ætlar sviðið að fara í þróunarfasa. Rafrænar undirskriftir eru sem dæmi búnir að vera í gangi hjá barnaverndarnefnd Reykjavíkur í mörg ár. Rafrænar undirskriftir er fyrir löngu búíð að uppgötva, þróa, búa til og eru í notkun allstaðar í kringum okkur. Af hverju er þjónustu- og nýsköpunarsvið að eyða bæði tíma og fjármunum í að finna upp og þróa lausnir sem fyrir löngu eru komnar annarsstaðar? Í nýju verkefnayfirliti má sjá hvar þjónustu- og nýsköpunarsvið er stadd í þessu. Þar segir „að stöðluð bréf til rafrænna sendinga séu ekki til en nú sé búíð að þróa miðlæga lausn til að útbúa rafræn bréf á pdf sniðmáti og að uppgötvunarfasa verkefnis hafi verið að ljúka og þróunarfasi að hefjast“.

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Verkefnum er útvistað þar sem það er hagkvæmt með tilliti til tímasparnaðar, kostnaðar og áhættumats. Þær tilbúnu lausnir sem hægt er að versla inn og sem hagkvæmt er að kaupa inn eru keyptar inn. Sem dæmi er verið að kaupa inn lausn fyrir rafrænar undirskriftir, en verið er að smíða viðmót í kringum notkunina. 7,7 milljarðar af 10 milljörðum stafrænnar vegferðar fara í innkaup.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi gagnbókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því að verkefnum er útvistað þar sem það er hagkvæmt en það er sennilega bara nýtilkomið. Búið er að eyða milljónum í tilraunir síðustu þrjú árin á lausnum sem sennilega flestar eru til. Kannski hefur gagnrýni Flokks fólksins í bráðum heilt ár náð að breyta einhverju, dropinn holar jú steininn. Það er sérkennilegt að nú fyrst sé verið að kaupa lausn fyrir rafræna undirskriftir þegar ein nefnd borgarinnar hefur viðhaft slíkan hátt á í mörg ár. Fulltrúi Flokks fólksins telur að borgin eigi að líta og leita til Stafræna Íslands með flest sín mál og tengjast island.is enda best að hafa sem flestar lausnir á einum stað. Gagnrýni t.d. Samtaka Iðnaðarins og fleiri aðila á vegferð borgarinnar í stafræna umbreytinga eru ekki komnar til að engu.

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Það er ekkert fyrst núna sem verið er að kaupa inn lausnir hjá borginni. Stafrænt Ísland er frábær verkefnastofa um tæknilausnir, en stendur raun ekki í stafrænni umbreytingu af því tagi sem þjónustu- og nýsköpunarvið stendur fyrir sem snýr að miklu leyti að breytingu starfa inni á gólfi. Þar eru ekki innviðir til að taka við verkefnum þjónustu- og nýsköpunarviðs og því ekki skynsamlegt að ætla að láta Stafrænt Ísland sjá um þetta allt. Borgin á í góðu samstarfi við Stafrænt Ísland og ríkið um það sem skynsamlegt er að vinna saman að. Gagnrýni Samtaka Iðnaðarins byggist á ákveðnum misskilningi um eðli verkefna þjónustu- og nýsköpunarviðs og hvernig haldið er utan um stafræna þróun hjá ríkinu, en staðreyndin er sú að margar stofnanir ríkisins fara sömu leið og borgin.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi gagnbókun:

Fulltrúa Flokks fólksins finnst þetta áhugaverð bókun og mun leita til Stafræns Íslands og Samtaka Iðnaðarins eftir viðbrögðum við henni.

8. Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um tilbúna afurðir þjónustu- og nýsköpunarviðs, sbr. 12 lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs frá 14. október 2021. R21030087
Vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarviðs.
9. Lögð fram að nýju fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um fjárfestingarverkefni þjónustu- og nýsköpunarviðs, sbr. 13 lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs frá 14. október 2021. R21030087
Vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarviðs.
10. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarviðs dags. 5. nóvember 2021, um erindisbréf starfshóps um greiningu á einkaskjalasöfnum - ÞON21110006. R21110088
11. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarviðs dags. 5. nóvember 2021, um kynningu á verkefnum þjónustu- og nýsköpunarviðs 2021 - ÞON21110007. R21110089

Fulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Við þökkum góða kynningu á viðamiklum verkefnum hjá þjónustu- og nýsköpunarviði á árinu sem snúa að stafrænni vegferð í þjónustu Reykjavíkurborgar við borgarbúa, starfsfólk og viðskiptavini borgarinnar. Fyrsta ár stafrænnar byltingar borgarinnar fer að ljúka. Á árinu hefur undirbúningur átt sér stað, en einnig er lokið við komin langt með fjölmörg verkefni. Með auknu gagnsæi, betra gagnaumhverfi, bættum upplýsingatækniinnviðum og umbreytingu þjónustuferla og starfa mun skapast virðisauki og mikið hagræði fyrir íbúa og starfsfólk með sparnaði á tíma, auðlindum og minnkun kostnaðar sem leiðir einnig af sér minni mengun. Lögð er áhersla á gæðastýringu sem er mikilvæg þegar verið er að fara í jafn viðamiklar breytingar eins og nú eiga sér stað.

Samningastjórnun, gæðakerfi, áhættumat og gagnsæi í bókhaldslegri meðferð fjármála með mælaborði fjárfestinga mun stuðla að því að vel sé farið með fjármuni og að yfirsýn haldist. Til fyrirmyndar er að samhliða stafrænni vegferð er lögð áhersla á að tryggja borgaraleg réttindi, öryggi, persónuvernd og að formkröfur stjórnsýslulaga séu uppfylltar á öllum stigum í þeim verkefnum, vörum, mælaborðum eða líkönum sem um ræðir.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Ýmislegt vekur athygli í þessu yfirliti og spurt er um nauðsyn fjölmargra verkefna nú á síðustu og verstu tímum. Nefna má kaflann um "I (innovation) Teams? Almennt séð hefur þriðjungur af þessum verkefnum fátta að gera með nauðsynlega rafræna þjónustu borgarinnar. Fæst af þeim eru akút mál, öll þessi mælaborð, sundlaugaheimsóknir, hvenær sorptunnur eru tæmdar. áhrif COVID á borgina sem er í raun verkefni Landlæknis. Nú þegar fjárhagur borgarinnar er í lamasessi vill fulltrúi Flokks fólksins sjá að farið sé betur með fjármagnið en að það sé ekki notað í gæluverkefni. Látið sé af endalausum tilraunum og þróunafasa og leitað samstarfs við aðra en það hefði átt að gerast fyrir þremur árum. Ríkiskaup hafa boðið borginni að taka þátt í rammasamningi um Microsoft hugbúnaðarleyfi. Ætlar borgin þiggja að taka þátt? Svarið er nei við því, rökin að sé ekki hagstætt fyrir borgina. En hver er forgangsroðun þjónustu- og nýsköpunarsviðs, fram kemur að sviðin forgangsraði en allt er þetta hluti af 10 milljörðunum. Segir að ansi margt „sé að verða klárt“ en hvað er alveg klárt? Gott væri að fá linka á allar rafrænar lausnir með lýsingu á tilgangi þeim svo fulltrúi Flokks fólksins getur prófað með borgarbúum og upplifað gagnsemina á eigin skinni.

Arna Ýr Sævarsdóttir, Þröstur Sigurðsson, Friðþjófur Bergmann, Óskar Þór Þráinsson og Inga Rós Gunnarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

12. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Hinn 29. júní 2021 var það tilkynnt að stafræn vegferð Reykjavíkurborgar fengi alþjóðlega viðurkenningu og fjárhagsstuðning frá Bloomberg Philanthropies. Borgin mun fá fjárframlag upp á 2,2 milljónir bandaríkjadala til að styðja við og hraða stafrænni umbreytingu á þjónustu borgarinnar. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvaða verkefni eru fjármögnuð með styrkveitingunni frá Bloomberg? R21110113

- Kl. 16:05 víkja Þorkell Heiðarsson og Örn Þórðarson af fundi og aftengjast fjarfundarbúnaði.
- Kl. 16:13 víkur Diljá Ámundadóttir af fundinum.

Fundi slitið kl. 16:24

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Ellen J. Calmon
Ásta Þórdís Skjaldal Guðjónsdóttir

Kolbrún Baldursdóttir